



23. júní 2015

Áfangaskýrsla

**mats- og inntökuteymis málefna
fatlaðs fólks sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu**

tímabilið 1. júní 2014-31. maí 2015



Áfangaskýrsla mats- og inntökuteymis málefna fatlaðs fólks sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu tímabilið 1. júní 2014-31. maí 2015

I. Tildrög

Mats- og inntökuteymi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu tók til starfa í mars 2011. Teymið starfar í umboði samráðshóps forstöðumanna félagsþjónustu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu (hér eftir SSH-hóps), sbr. gr. 3.2 og 3.3 í samstarfssamningi, dags. 12. nóvember 2010.

Teymið starfar á grundvelli laga nr. 59/1992, með síðari breytingum, um málefni fatlaðs fólks, reglugerð nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu, reglugerð nr. 155/1995, með síðari breytingum, um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra, og samnings um samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna þjónustu við fatlaða frá nóvember 2010.

Teymið starfaði fyrsta árið samkvæmt erindisbréf sem afhent var í apríl 2011. Samkvæmt ákvörðun SSH-hóps var 29. ágúst 2012 samþykkt að breyta hlutverki teymisins og samþykkt nýtt erindisbréf og hefur teymið starfað samkvæmt því síðan.

II. Skipan hópsins

Mats- og inntökuteymi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er skipað sérfræðingum í málefnum fatlaðs fólks í Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Mosfellsbæ/Kjós. Á tímabilinu 1. júní 2013 til 31. maí 2014 sátu í teyminu einn starfsmaður frá Hafnarfirði, Garðabæ og Mosfellsbæ/Kjós og einn frá Kópavogi.

Eftirtaldir skipuðu teymið sem aðalfulltrúar á tímabilinu júní 2013-júní 2014:

- Hrönn Hilmarsdóttir, Hafnarfirði.
- Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, Kópavogi.
- Sólveig Steinsson, Garðabæ.
- Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir, Mosfellsbæ og Kjósarhreppi.

III. Hlutverk og verkefni hópsins

Hlutverk teymisins er að:

- Móta viðmið og verklagsreglur um mat á þjónustupörf, forgangs röðun og afgreiðslu umsókna um skammtí mavistun og dagþjónustu.
- Taka ákvarðanir um úthlutun þjónustu í skammtí mavistun og dagþjónustu í samráði við forstöðumenn.
- Hafa yfirsýn yfir biðlista eftir sértækri þjónustu á svæðinu.
- Vera vakandi fyrir þörf á umbótum í þeim málefnum er varða starfssvið teymisins.
- Setja fram hugmyndir og tillögur að nýjum þjónustuúrræðum og breytingum á þeim sem fyrir eru.
- Vera sveitarfélögunum til ráðgjafar um lausnir sem varða sértæka þjónustu.
- Fjalla um önnur málefni sem SSH-hópurinn felur teyminu, sbr. 1. gr.



IV. Starf hópsins

Fjöldi funda

Frá 1. Júní 2014 til maí loka 2015 voru haldnir alls 12 fundir auk tölvusamskipta. Frá upphafi til 31. Maí hafa alls verið haldnir 90 fundir og einn starfsdagur hjá mats- og inntökuteymi. Einhverjar fundargerðir eru sem fyrr vistaðar á sameiginlegu vefsvæði teymisins en erfiðlega hefur gengið síðastliðið ár að vista gögn og fundargerðir á svæðinu. Óskað hefur verið eftir lagfæringu á því við hýsingaraðila.

Efni funda

Stærsta verkefni vetrarins var vinna við skýrslu um hlutfall menntaðra starfsmanna á starfsstöðvunum. Mats- og inntökuteymið hefur einnig tekið fyrir annað efni eftir þörfum og svarað fyrirspurnum þegar til þess hefur verið leitað. Fulltrúar hafa deilt með sér upplýsingum um vinnubrögð og lausnir sem reynst hafa vel. Umræðuefni funda hefur til að mynda verið áform um skammtíamavistun á Skálatúni, notendastýrð persónuleg aðstoð, staða vinnumála fatlaðs fólks, þörf á heilsdagslausnum fyrir fatlað fólk bæði hvað varðar atvinnu, nám og tómstundir, þörf á helgardvöl fyrir ungt fatlað fólk, útfærsla sumarúrræða fyrir fötluð börn og -ungmenni, lengd viðvera, þjónusta við ung alvarlega fötluð börn, aðkoma réttindagæslumanna fatlaðs fólks að málum o.fl. Eins og sjá má fjallar teymið um fjölbreytt efni sem varðar málaflokk fatlaðs fólks á svæðinu.

Gæðaeftirlit

Starfsmaður sem sinnir gæðaeftirliti á starfsstöðvum fatlaðs fólks hóf störf í apríl 2014.

Ákveðið var á fundi SSH-hóps að teymið yrði þeim starfsmanni innan handar með þær athugasemdir og spurningar sem starfsmaður innra eftirlits hefði. Á fundi SSH-hóps 8. Október 2014 var eftirfarandi bókað: „Lagt var til að ÁE fundi með mats- og inntökuteymi tvisvar sinnum fyrir áramót“.

Starfsmaður Gæðaeftirlits kom á fundi mats- og inntökuteymi eftir þörfum til að veita upplýsingar og ráðgjöf á báða bóga. Afurð gæðaeftirlitsins er verðmæt og vakti forstöðumenn og starfsfólk til umhugsunar um gæði þeirra þjónustu sem verið er að veita. Ferlið kveikti áhuga hlutaðeigandi á að rýna í starfið og vinnugögnin með það að markmiði að leyta leiða til að gera betur. Mats- og inntökuteymi telur vænlegt að fara næsta vetur yfir þau atriði sem svæðin þurfa öll að bæta, svo sem vinnu við þjónustu áætlanir og finna í sameiningu leiðir til úrbóta. Teymið styður áframhaldandi starf starfsmanns í gæðaeftirliti og leggur til að þeir staðir sem ekki voru með í fyrstu úttekt verði teknir út næsta vetur, til að mynda vinnustaðir, skammtíamavistun, Skálatún og starfsstöðvar Ás styrktarfélag.

Skýrsla um hlutfall menntaðra starfsmanna á starfsstöðvunum, upplýsingar um námsframboð og staða sveitarfélaga með tilliti til menntunar starfsmanna

Í framhaldi af beiðni SSH-hóps var unnin skýrsla um menntun og námsframboð starfsmanna í málefnum fatlaðs fólks. Beiðnin var eftirfarandi skv. fundargerð SSH-hópsins frá 10. september 2014:

Fræðslunefnd er starfandi þvert á sveitarfélögin. Rætt um hlutfall menntaðra starfsmanna á starfsstöðvunum. Í Kópavogi hefur verið gerð áætlun um fjölda menntaðra starfsmanna á starfsstöðvunum. Þar kemur fram að stefnt sé að því að 30% starfsmanna séu fagmenntaðir. Rætt um nauðsyn þess að fyrir liggja upplýsingar um námsframboð og einnig hver staðan er í sveitarfélögunum hvað varðar menntun starfsmanna. Vísað til Mats og inntökuteymis. Fundarmenn lýstu yfir ánægju með störf Mats- og inntökuteymis hvað varðar fræðslumálin.



Markmiðið var að greina hve stórt hlutfall menntaðra starfsmann væri í starfi, hvaða nám væri í boði og komast að niðurstöðu um hve hátt hlutfall fagmenntaðra starfsmanna ætti að vera að lágmarki. Á niðurstöðunum mætti svo setja stefnu sem væri leiðarljós forstöðumanna í ráðningum fagfólks. Skýrslan barst SSH-hópi í maí 2015.

Fyrsta skrefið var að skilgreina fag- og starfsmenntun. Hvert sveitarfélag tók svo saman upplýsingar um menntun starfsmanna sem vinna í málefnum fatlaðs fólks bæði hvað varðar fjölda starfsmanna og starfshlutfall. Í skýrslunni er lagt til að hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna með fagmenntun sem nýtist í starfi séu 40% á hverri starfsstöð að lágmarki.

V. Teymi

Sérhæfð teymi

Mats- og inntökuteymið hefur unnið að því að setja á fót sérhæfð teymi sem afgreiða þær umsóknir sem berast. Í teyminum sitja forstöðumenn tiltekinnar starfsstöðva ásamt aðilum úr mats og inntökuteymi. Markmiðið er að dreifa verkefnum og koma þeim nær þjónustunni.

Fræðslunefnd

Fræðslunefnd mats- og inntökuteymis hefur starfað frá yfirfærslu málefna fatlaðs fólks til sveitarfélaganna árið 2011. Í nefndinni sitja fulltrúar með sérþekkingu á málefnum fatlaðs fólks frá hverju sveitarfélagi og saman móta þeir fræðsluáætlun fyrir starfsmenn sem starfa í málaflokknum. Í Fræðslunefnd sátu á síðasta tímabili tveir starfsmenn frá Mats- og inntökuteymi og tveir stjórnendur. Áætlanir liggja fyrir hálf tveim ári í senn. Leitað er eftir tillögum að fræðslu frá forstöðumönnum starfsstöðva málaflokksins sem gera þarfagreiningu meðal sinna starfsmanna. Fastir liðir á hverju ári eru nýliðanámskeið, skyndihjálparnámskeið og námskeið um nauðung í starfi. Metnaðarfull og fjölbreytt fræðsla hefur verið í boði þau ár sem nefndin hefur starfað.

Á síðasta tímabili voru fimm fundir auk tölvusamskipta. Alls hafa verið haldnir um 25 fundir hjá fræðslunefnd frá stofnun hennar. Alls voru á haustönn haldin sex sameiginleg námskeið og á þau mættu 162 starfsmenn. Á vorönn voru haldin sex námskeið af teyminu og á þau mættu 175 starfsmenn. Alls mættu því á tímabilinu 337 starfsmenn á námskeið. Meðal annars hefur verið fjallað um nauðung í starfi með fötluðum, varnarviðbrögð, samskipti á vinnustað, hugmyndafræði í málefnum fatlaðs fólks, heilsa og næring, kynlíf, kynfræðsla og kynferðisleg misnotkun, skyndihjálparnámskeið 1, 2, 3 og upprifjun o.fl.

Þess má geta að verið er að halda mjög öfluga fræðslu fyrir starfsfólk í vinnu með fötluðu fólki fyrir tiltölulega lítinn tilkostnað miðaða við gæði. Sum námskeiðin er aðkeypt, sum eru fengin í gegnum starfsmennt án viðbótar kostnaðar fyrir sveitarfélögin og önnur eru haldin af starfsfólki sveitarfélaganna sem eru sérfræðingar á hverju sviði fyrir sig. Kópavogsbær hefur oftast lagt til aðstöðu fyrir námskeiðin og haldið utan um þau. Í lok hvers námskeiðs er lagt fyrir námskeiðsmat sem Hafnarfjarðarbær hefur unnið úr, sent á fyrirlesara og teymið sem rýnir í niðurstöðurnar.

Skammtíavistunarteymi



Í ágúst 2012 var sett á fót skammtímavistunarteymi sem hefur haft það markmið að úthluta lausum plássum í skammtímavistun, meta biðlistann og skoða leiðir til lausna. Haldnir voru 6 fundir á síðasta tímabili eða frá 1. júní 2014 til 31. maí 2015. Alls hafa verið haldnir 27 fundir hjá skammtímavistunarteyminu frá stofnun þess.

Vinnustaðateymi

Í Vinnustaðateymi sitja forstöðumenn allra vinnustaða á svæðinu utan Reykjavíkur og starfsmaður MI-teymis. Á síðasta tímabili voru haldnir 8 fundir. Alls hafa verið haldnir 12 fundir frá stofnun teymisins.

Verkefni vinnustaðateymis eru fyrst og fremst að fjalla um umsóknir einstaklinga í vinnu og virkni á starfssvæði nefndarinnar og að senda umsóknir eftir því sem við á áfram til atvinnuteymis á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Einnig að skoða umsóknareyðublöð um vinnu og virkni sem notuð eru og gera ný eyðublöð ef þörf er á. Teymið á að hafa glögga mynd af biðlistum og lausum plássum og fjalla um hugmyndir að nýsköpun og uppbyggingu í atvinnuþjónustu við fatlað fólk á starfssvæðinu. Einnig er teyminu ætlað að taka saman stutt upplýsingarit um hvaða vinna og virkni standi til boða svæðinu.

VI. Lokaorð

Teymið hefur unnið að því að koma á fót vinnuhópum skipuðum forstöðumönnum og starfsmönnum teymisins með það að leiðarljósi að efla skilvirkni starfsstöðva og draga úr vægi teymisins. Þetta hefur gengið vel.

Teymið gerir ráð fyrir, þar til félagsmálastjórar gefa aðrar upplýsingar, að starfa áfram í svipaðri mynd, koma verkefnum smærri vinnuteyma betur á veg og vera ráðgefandi fyrir samráðshóp forstöðumanna félagsþjónustu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Samkvæmt erindisbréfi sem teymið starfar eftir skal hlutverk og skipan teymisins endurskoðuð eigi síðar en 31. des. 2014, en það var ekki gert og því vert að félagsmálastjórar taki afstöðu til áframhaldandi vinnu.

Fyrir hönd mats- og inntökuteymis,

Hrönn Hilmarsdóttir, Hafnarfirði.

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, Kópavogi.

Sólveig Steinsson, Garðabæ.

Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir, Mosfellsbæ og Kjósarhreppi.